

Sóknaráætlun Vestfjarða - 2017

Árleg greinargerð Fjórðungssambands Vestfirðinga um
framkvæmd samnings um sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Mat á árangri sóknaráætlunar	4
2. Fjárframlög til sammingsins	5
3. Samráðsvettvangur	6
4. Áhersluverkefni	7
Verkefnið InWest.....	7
Verkefnið Umhverfissvottaðir Vestfirðir	8
Verkefnið Vestfirðir altengdir.....	9
Verkefnið Þróunarsetur á Vestfjörðum.	9
Verkefnið Jarðvarmi á Vestfjörðum.	9
Verkefnið Straumar	10
Eldri verkefni sem var lokið á árinu	10
Verkefnið Kortlagning menningar.	10
Virkiun rannsóknarumhverfis á Vestfjörðum.....	11
Ný verkefni á árinu 2017.....	11
Efling háskólastarfs og fjölgun íbúa með framhaldsmenntun	11
Valdefling ungs fólks á Vestfjörðum	11
Kynning búsetukosta og atvinnulífs á Vestfjörðum	11
Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðafræðum.....	12
Verkefnið Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum (eftir gegnumslátt)	12
Íbúakönnun á Vestfjörðum	12
Viðaukasamningur við Sóknaráætlun Vestfjarða.....	12
5. Uppbyggingarsjóður	13
Úthlutunarnefnd	14
Fyrirmyndarverkefni	15
Galdrasýning á Ströndum	15
Listasafn Samúels.....	15
Blús milli fjalls og fjöru.....	15
Félag um lýðháskóla á Flateyri	15
Gúmmísakka	15
6. Lokaorð	20
7. Undirritun og staðfesting	21
8. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum	21

Inngangur

Á Vestfjörðum hefur Sóknaráætlun fest sig í sessi og er orðin nokkuð þekkt stærð með starfsemi Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða og áhersluverkefnum. Tvær úthlutanir voru úr Uppbyggingarsjóði, í byrjun árs og í sumarbyrjun. Aukið fjármagn sem sett var til áætlunarinnar að hálfu samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis gefur meira svigrúm til eflingar áhersluverkefna.

Fjórðungssamband Vestfirðinga tók upp með nýrri ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Bjartrar framtíðar og Viðreisnar, þær tillögur að aðgerðum sem kom fram í skýrslu starfshóps forsætisráherra *Aðgerðaáætlun á sviði samfélags- og atvinnuþróunar fyrir Vestfirði (september 2016)*. Eins var efni skýrslunnar tekið til umræðu í Stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál og kynnt fulltrúum ráðuneyta í þeim hópi. Niðurstaða af þessari umræðu var að stýrihópurinn yrði eftirleiðis nýttur sem farvegur fyrir sértækar aðgerðir einstakra landshluta. Í lok október gerði Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið viðaukasamning við Sóknaráætlun Vestfjarða um fimm verkefni sem tilgreind eru í skýrslu starfshóps forsætisráðherra auk verkefnis um endurbætur á Flateyjarhöfn. Staða verkefnanna er kynnt nánar í kafla skýrslunnar þar sem fjallað er um áhersluverkefni.

Undir lok ársins var hafinn var undirbúningur að því að færa samráðsvettvang Sóknaráætlunar Vestfjarða á rafrænan vettvang. Þann 1. desember var stofnfundur Vestfjarðastofu, sem mun taka yfir að mestu starfsemi Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, þ.m.t. umsjón með framkvæmd og eftirfylgni Sóknaráætlunar Vestfjarða.

1. Mat á árangri sóknaráætlunar

Unnið var að áhersluverkefnum sem samþykkt voru árið 2016 og 2017. Framkvæmdaráð Sóknaráætlunar fjallaði um og afgreiddi tillögur að áhersluverkefnum fyrir árið 2018, en þó var haldið óráðstöfuðu fjármagni sem verður ráðstafað á nýjum rafrænum samráðsvettvangi í byrjun árs 2018.

Vel hefur gengið að framfylgja helstu áherslum og markmiðum sóknaráætlunar og markmiðum samningsins, að því marki sem fjárhagsrammi áætlunarinnar gefur tilefni til. Unnið verður stöðugt að því að stækka fjárhagsramma áætlunarinnar.

Fjármagn sem aukið var við áætlunina á árinu 2017 er jákvætt skref og þess er væntst að því verði fylgt eftir, þannig að áætlunin verði í takti við þær væntingar sem bundnar voru við hana í upphafi. Umtalsvert meira fjármagn þarf til svo að hægt sé að kalla sóknaráætlunirnar í lok samningstímabils sem vel heppnaða aðferð til að nálgast þau markmið sem að er stefnt í hverjum landshluta.

Í lok árs 2016 kom út á vegum forsætisráðuneytis *Aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði* með áherslu á atvinnu- og samfélagsþróun. Fjórðungssambandið lagði áherslu á að geta samtvinnnað nýjar aðgerðir með Sóknaráætlun Vestfjarða. Í áætluninni sagði að veruleg vaxtartækifæri væru fyrir hendi en til að geta nýtt þau yrði að ráðast í verulegar framkvæmdir til að tryggja og jafna grunnþjónustu og innviði, t.d. varðandi fjarskipti, ljósleiðaravæðingu, samgöngur, raforkuöryggi og aðgengi að þjónustu í heimabyggð. Auk þess lagði nefndin til sértæk verkefni til að efla rannsóknir, menntun og í opinberri þjónustu. Einungis lítill huti af þessum verkefnum fékk brautargengi á árinu 2017 en Fjórðungssamband Vestfirðinga mun fylgja þessu máli eftir á árinu 2018.

Ágætur árangur hefur náðst í þeim verkefnum sem svigrúm var til að ráðast í eða styrkt voru af Uppbyggingarsjóði. Menningarstarfsemi hefur eflst, bæði í litlum verkefnum s.s. leiksýningum og stórum verkefnum í tengslum við starfsemi menningarstofnana. Talsverð nýsköpun fer fram í menningartengdri ferðaþjónustu. Þó verður að segja að starfsemi menningarstofnana berst þó víðast hvar í bökkum vegna takmarkaðs fjármagns.

Í Sóknaráætlun Vestfjarða er lögð áhersla á að efla nýsköpun í þróun búnaðar og þekkingar fyrir sjávarútveg og fiskeldi og hliðargreinum þeim tengdum. Verkefni á þessu sviði stóðu í stað á árinu 2017 og því verður að gera áttakt í þeim efnum á síðari hluta áætlunarinnar.

Árangur af áhersluverkefnum var ágætur, einkum hvað varðar áherslur í umhverfismálum með samþykki umhverfsvottunar á starfsemi sveitarfélaga, efling markaðsstarfs ferðaþjónustunnar og aukin tækifæri í nýtingu jarðhita.

2. Fjárframlög til samningsins

Heildarframlag ríkisins til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2017 var kr.107.666.571,- Samkvæmt samningnum sjálfum skiptist framlag ríkisins á milli framlags mennta- og menningarmálaráðuneytis og framlags atvinnu og nýsköpunarráðuneytis. Framlag sveitarfélaga á Vestfjörðum sem er sérmerkt menningarmálum var kr. 7.910.000.-

TAFLA 1: HEILDARFJÁRHÆÐ TIL RÁÐSTÖFUNAR 2017

	fjárhæðir í kr.
Áhersluverkefni	42.126.363
Uppbyggingarsjóður	51.800.000
Stofn- og rekstrarstyrkir	18.900.000
Viðaukasamningar	63.300.000
Umsýsla	8.000.000
Óráðstafað 2017	818.932
Samtals	184.945.295

Til skýringar á töflu 1 skal tekið fram að vaxtatekjur sem færðar eru á árinu 2017 koma til á síðasta degi ársins og þeim er ekki ráðstafað í verkefni fyrr en í endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Vaxtatekjur lækka á milli ára vegna lægri inneignar á reikningum tengdum Sóknaráætlun.

TAFLA 2: RÁÐSTÖFUN FJÁRFRAMLAGA 2017

	fjárhæðir í kr.
Áhersluverkefni	41.959.792
Uppbyggingarsjóður	51.800.000
Stofn- og rekstrarstyrkir	18.900.000
Viðaukasamningar	63.000.000
Umsýsla	8.466.571
Óráðstafað 2017	818.932
Samtals	184.945.295

Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða úthlutaði 21 mkr. í stofn- og rekstrarstyrki á grundvelli umsókna. Mjög mikilvægt er þessi tegund styrkja verði ekki skorin frekar niður. Framlög ríkisvaldsins til menningarverkefna og uppbyggingar á Vestfjörðum var mun hærrí á fyrri árum, á meðan fjárlaganefnd Alþingis ákvað úthlutanir til slíkra verkefna í tengslum við afgreiðslu fjárlaga á grundvelli umsókna til nefndarinnar. Þannig var fjölda verkefna sem tengjast einkum menningararfi og menningartengdri ferðapjónustu á Vestfjörðum hjálpað af stað við umfangsmikla uppbyggingu, en þau síðan skilin eftir á köldum klaka og að mestu án stuðnings áður en uppbyggingarferlinu var lokið, með þeim skipulagsbreytingum sem fylgdu því að fjárlaganefnd hætti að taka á móti umsóknum á þessu sviði.

Ákveðið var að fella niður kr. 500.000,- af þeim styrkjum sem veittir voru á árinu 2017 þar sem tveir styrkþegar hættu við.

Á árinu 2015 var hætt við þrjú verkefni og einnig var hætt við þrjú árið 2016, á árinu 2017 var hætt við tvö verkefni. Alls hefur því verið hætt við 8 verkefni alls frá 2015.

3. Samráðsvettvangur

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa tilnefnt fulltrúa í samráðsvettvanginn samkvæmt samþykkt stjórnarfundar FV þann 11. Maí 2016. Í samþykkt stjórnar segir: Hlutverk samráðshóps er að fjalla um áherslur sem FV og Atvest setja fram í greinargerð um Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019.

Lagt var til við sveitarfélögin að tilgreina einn fulltrúa úr sveitarstjórn og síðan 1-6 einstaklinga innan sín svæðis með þekkingu og áhuga á þeim sviðum sem snerta viðfangsefni sóknaráætlunar, þ.e. nýsköpun og atvinnuþróun, menningu, mannauð og lýðfræðilega þróun. Ekki var gerð krafa um að tilgreindir yrðu einstaklingar í alla flokka, því var sett að viðmiði að 2 til 7 fulltrúar yrðu tilnefndir af hverju sveitarfélagi.

Nokkrar mannbreytingar hafa orðið frá upphaflegri skipan eins og eðlilegt hlýtur að teljast í svo stórum hópi. Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar Vestfjarða samanstendur í dag af 45 einstaklingum úr þeim 9 sveitarfélögum sem eru á Vestfjörðum.

Rétt er að vekja athygli á hversu stór hluti þeirra sem skipaður var í samráðsvettvang um sóknaráætlun af sveitarfélögunum eiga sjálfir sæti í sveitarstjórn eða eru varamenn þar. Þó þarf jafnframt að hafa í huga að í fámennum sveitarfélögum er þátttaka í sveitarstjórn nær aldrei aðalstarf fólks og þeir fulltrúar eru í mörgum tilvikum um leið ágætir talsmenn og fulltrúar atvinnulífs, fræðasamfélags, stofnanna og félagasamtaka.

Samráðsvettvangur var kallaður einu sinni saman til fundar á árinu 2017 þ.e. þann 6. nóvember, fundurinn var haldinn í fjarfundi á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði. Á fundinum var farið yfir hlutverk og skipan samráðsvettvangs, kynning á starfsemi Uppbyggingarsjóðs og kynning á gildandi áhersluverkefnum. Í lok fundar var tekin til umræðu rammi fyrir áhersluverkefni fyrir árin 2018 og 2019. Einnig var rætt undir þeim dagskrárlið hvernig efla megi aðkomu samráðsvettvangs m.a. að vali á áhersluverkefnum. Ekki hefur gengið nægjanlega vel að virkja hópinn sem skipar samráðsvettvanginn, en landshlutinn er víðfeðmur og samgöngur erfiðar yfir veturinn. Samþykkt var að taka í notkun rafrænan samráðsvettvang og gengið var til samninga við Betra Ísland og stofnaður hópur þar inni sem er ekki sýnilegur öðrum. Fyrirkomulagið virkar vel, en þó þarf enn að vinna að því til að fá fólk til að nota kerfið.

TAFLA 3: SKIPAN FULLTRÚA Í SAMRÁÐSVETTVANG

Bakgrunnur fulltrúa		Búseta fulltrúa		Aldur fulltrúa		Kyn fulltrúa	
Fulltrúi fyrir	Fjöldi	Sveitarfélag	Fjöldi	Aldursbil	Fjöldi	Karl / Kona	Fjöldi
Atvinnulífið	7	Ísafjarðarbær	6	< 25 ára	0	Karlar	18
Fræðasamfélag	3	Vesturbyggð	7	25-39 ára	22	Konur	27
Opinberar stofnanir	6	Bolungarvíkurka	5	40-60 ára	20		
Kjörnir fulltrúar	24	Strandabyggð	7	> 60 ára	3		
Félagasamtök	0	Tálknafjarðarhre	4				
Menningarstofnun	3	Reykhólahreppu	5				
Sjálfstætt starfandi	2	Súðavíkurhreppi	7				
		Kaldrananeshrei	2				
Annað		Árneshreppur	1				
Samtals	45	Samtals	45	Samtals	45	Samtals	45

Í framkvæmdaráð Sóknaráætlunar Vestfjarða sitja:

Dóra Hlín Gísladóttir Ísafjarðarbæ (formaður), Eiríkur Valdimarsson Strandabyggð, Finnur Árnason Reykhólahreppi, Gerður Sveindóttir Vesturbyggð, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir Bolungarvíkurkaupstað, Lilja Magnúsdóttir Tálknafjarðahreppi og Þorsteinn H. Þorsteinsson Súðavíkurhreppi.

Framkvæmdaráð kom þrisvar saman til fundar á árinu 2017 þann 13. febrúar, 17. og 24. ágúst. Á fundunum var fjallað um val á áhersluverkefnum fyrir árið 2017 og 2018 og gerð tillaga til stjórnar FV. Formaður og fulltrúar í framkvæmdaráði voru síðan leiðandi í hópavinnu og stjórnun funda samráðsvettvangs þann 6. nóvember.

4. Áhersluverkefni

TAFLA 4: ÁHERSLUVERKEFNI 2017

Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.)		Framkvæmdaði li	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
	Sóknaráætlun	Mótframlag				
Visit Westfjords	5.800.000	5.800.000	Markaðsstofa Vestfjörðum	Efling markaðssetningar gagnvart erlendum ferðamönnum.	Aukinn fjöldi ferðamanna á Vestfjörðum	2016-2018
InWest	3.800.000	3.800.000	AtVest	Auknar fjárfestingar á Vestfjörðum	Ný fjárfestingarúrræði. Starfsemi nýrra lögaðila.	2016-2018
Umhverfisvottaðir Vestfirðir	2.200.000	2.200.000	FV	Starfsemi sveitarfélaga á Vestfjörðum verði umhverfisvottuð.	Umhverfisvottun EarthCheck. Plastpokalausir Vestfirðir.	2016-2018
Vestfirðir altengdir	1.350.000	0	FV	Ljósleiðaratengingar í dreifbýli sem béttbýli	Allt dreifbýli á Vestfjörðum tengt ljósleiðara	2016-2018
Þróunarsetur á Vestfjörðum	3.550.000	0	AtVest	Efling þróunarsetra á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði og samstarf þeirra á milli.	Öflugri og fjölmennari þróunarsetur	2016-2018
Jarðvarmaklasi á Vestfjörðum	3.800.000	2.200.000	AtVest og sveitarfélögin á Vestfjörðum	Auka nýtingu á jarðvarma á Vestfjörðum	Fýsileikakannanir á Hólmavík og forhönnun útboðs. Viðskiptagreiningar á Reykhólum. Viðskiptagreiningar á Tálknafirði. Könnun á grunnþáttum í öðrum sveitarfélögum.	2016-2018
Rannsóknaklasi	300.000	300.000	Háskóla-setur	Virgjun rannsóknarumhverfis á Vestfjörðum.	Framtíðaráætlun um rannsóknarstarf	2016-2017
Efling háskólastarfs og fjölgun íbúa með framhaldsmenntun.	2.500.000	1.500.000	FV og Háskóla-setur	Stuðla að fjölgun fólks með háskólamenntun á Vestfjörðum og rannsóknir fyrir fyrirtæki á Vestfjörðum	Fjölgun fólks með háskólamenntun á svæðinu og auka samkeppnishæfi fyrirtækja á svæðinu	2018-2019
Valdefling ungs fólks á Vestfjörðum	1.000.000	1.000.000	FV	Efla þátttöku ungs fólks í umræðu og vinnu að verkefnum í samfélögum	Fleiri ungmennaráð á svæðið og meiri þátttaka ungs fólks í umræðu og vinnu að verkefnum	2018-2019
Kynning búsetukosta og atvinnulífs á Vestfjörðum	2.500.000	0	FV	Vekja athygli á málefnum Vestfjarða, innviðum og atvinnutækifærum til að efla svæðið sem búsetukost.	Borgarafundur þar sem 600 manns mættu. Ráðherrar og fleiri mættu og tóku þátt í pallborðsumræðum	2017
Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðafræðum	4.500.000	5.000.000	Háskóla-setur	Efla framhaldsnám á háskólastigi með nýrri námsleið Sjávarbyggðafræði við Háskóla-setur Vestfjarða.	Nýtt meistaranám í boði í háskóla-setri Vestfjarða	2017-2019
Verkefnið Stefnuörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum (Eftir gegnumslátt)	1.000.000	1.000.000	FV	Unnið að svæðisskipulagi fyrir Vestfirði	Svæðisskipulag á Vestfjörðum	2018-2019
Íbúakönnun á Vestfjörðum	1.749.792			Byggja upp þekkingu á viðhorfum íbúa á Vestfjörðum til samfélags og atvinnulífs og þróun þess.	Íbúakönnun framkvæmd og niðurstöður hennar kynntar	2017
Menningarfulltrúi	7.910.000		Fjórðungssamband Vestfirðinga	Stuðningur við menningarstarf á Vestfjörðum	Áframhaldandi starf menningarfulltrúa	2017

Verkefnið InWest

Verkþáttur 1 – Stofnun fjárfestingarsjóðs:

Verkefnið var á árinu 2016 sett tímabundið í ábyrgð Hvetjanda eignarhaldsfélags til að finna fleiri fjárfesta að félaginu á meðan unnið er að stofnun Vestfjarðastofu. Verkþátturinn hefur því breyst en langtímamarkmiðið er það sama; að auka fé í beinar fjárfestingar.

Verkþáttur 2 – Mótun verkefna:

Unnið er að mótun verkefna er varða orkukræfan iðnað og eða þjónustu (minna en 10 MW). Ný verkefni í fiskeldi og hliðarafurðum fiskeldis hafa ekki verið mótuð en verkefni frá árinu 2016 fóru í hendur fyrirtækja á árinu 2017. Verkefni um uppbyggingu í Súðavík með nýtingu þörunga og kalkþörunga nálgast framkvæmdastig en það er í vinnslu sveitarfélags og fjárfesta. Verkefni um vatnsútflutning sem hófst á árinu 2016 í samstarfi við sveitarfélög á Vestfjörðum er í biðstöðu. Önnur verkefni voru skoðuð á árinu en fóru ekki í viðskiptaáætlanagerð eða undirbúning undir fjárfestingakynningar.

Verkefnið styður markmið sóknaráætlunar um að fjölga störfum og auka fjölbreytni atvinnulífs og nýsköpun.

Verkefnið Umhverfissvottaðir Vestfirðir

Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa staðist viðmið EarthCheck (fengu brons Benchmarking) síðan byrjað var að vinna að verkefninu á árinu 2012. Árið 2016 fékkst svo í fyrsta sinn silfurvottun fyrir starfsárið 2015 og er nú beðið eftir niðurstöðu af úttekt þannig að vottun fyrir starfsárið 2016 fáist. Vinna að vottun mun halda áfram og stefnt er að því að fá vottun fyrir starfsárið 2018 í kjölfarið ásamt því að bæta sig í þeim ferlum sem settir eru af EarthCheck sem eru t.d. minnkun urðun sorps, aukning á notkun umhverfisvænna vara í starfsemi sveitarfélaganna s.s. pappír og hreingerningavörur, minnkun á notkun plastpoka á svæðinu og fleira.

Nokkur af þeim markmiðum sem hafa náðst frá því að verkefni hófst eru að búið er að skipa Framkvæmdaráð sem hefur umsón með verkefninu, skipað hefur verið Grænt teymi sem aðstoðar við ferla og verkefni, sveitarfélögin hafa sett fram og samþykkt Framkvæmdaráætlun varðandi umhverfismál til næstu fjögurra ára og hafa samþykkt sameiginlega stefnu í umhverfismálum. Mikið hefur áunnist í að minnka notkun plastpoka og auka umhverfisvitund íbúa.

Markmið verkefnisins er að fá áframhaldandi umhverfisvottun fyrir starfsemi sveitarfélaganna og festa ferla í sessi svo að sú vinna verði auðsóttari og fá íbúa til að taka þátt í verkefninu með því að innleiða verkefni tengd umhverfisvottuninni og auka með því umhverfisvitund þeirra.

Í júní 2017 var farið í að kynna Græn skref sveitarfélaganna fyrir sveitarstjórnarmönnum og starfsfólki sveitarfélaganna. Verkefnið gengur út á það að innleiða þá umhverfishugsun sem fylgir umhverfisvottuninni inn í starfsemi stofnana og fyrirtækja í sveitarfélaginu. Búið er að innleiða verkefnið inn í sex sveitarfélög af níu og er markmið að klára innleiðingu þeirra sumar/haust 2018. Einnig hefur verið unnið að því að koma upp fjölnota pokastöðvum upp á öllum þremur svæðunum á Vestfjörðum. Eru pokastöðvar komnar upp á Ströndum og sunnanverðum Vestfjörðum en verið er að vinna að því að koma stöð upp á norðanverðum Vestfjörðum og er stefnt á að það klárast árið 2018.

Verkefnið hefur hlotið fjórum sinnum styrki frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og hefur verið sótt aftur um fyrir árið 2018. Fyrsta styrkveitingin var í mars 2012 og fékkst hún fyrir undirbúning umhverfisvottunar og kostnaðar við starfsmann + aðkeypta sérfræðipjónustu. Í

febrúar 2014 fékkst styrkur fyrir heimasíðugerð og kynningu á verkefninu. Árið 2015 fékkst styrkur vegna hliðarverkefnis sem kallast Plastpokalausir Vestfirðir. Var það fjármagn nýtt til að senda fjölnota poka á hvert heimili á Vestfjörðum og fylgdi með póstur sem kynnti verkefnið og var fólk beðið um að taka þátt í því með því að nýta aðrar lausnir en plastpoka. Einnig var haft samband við verslanir í sveitarfélögunum og biðlað til þeirra að hafa aðrar lausnir en plastpoka sýnilegar fyrir viðskiptamenn. Fjórða styrkveitingin var samþykkt í janúar 2017 til að kynna verkefnið á landsvísu og auka sýnileika þess m.a. á ferðamannstöðum og við þjóðvegi.

Verkefnið styður við atvinnustefnu á svæðinu og markmið fyrirtækja í matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu.

Verkefnið Vestfirðir altengdir.

Verkefninu er ætlað að hraða því að öll heimili og lögbýli á Vestfjörðum eigi möguleika á tengingu við ljósleiðara. Verkefnið er hluti af áttakinu Ísland ljóstengt.

Hvert og eitt sveitarfélag hefur lokið við greiningu og sett fram áætlun um uppbyggingu kerfis en takmarkað fjármagn hægir á framkvæmd. Þar er meginhluti skýringar að fyrirkomulag úthlutunar með samkeppnisfyrirkomulagi er óhagstætt dreifbýlum og fámennum svæðum sem eiga að keppa við önnur þéttbýlli svæði. Að óbreyttu munu því framkvæmdum í dreifbýlli sveitarfélögum seinka þar til þéttbýll svæði hafa lokið við sín verkefni. Verkefnið Vestfirðir altengdir 2018 mun því ekki ná markmiðum sínum að óbreyttu. Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er sett áhersla þar sem komið er til móts við sjónarmið dreifbýlla sveitarfélaga og því má vænta þess að fjármagn verði aukið til að hraða verkefninu.

Unnin var könnun meðal sveitarfélaganna um stöðu og áform þeirra í verkefninu. Á grunni þeirrar könnunar var gerð tillaga um úthlutun fjármagns af verkefninu til að mæta ráðgjafar-kostnaði.

Áframhald verkefnisins verður endurmetið fyrir árið 2018.

Verkefnið Þróunarsetur á Vestfjörðum.

Verkefninu er ætlað að fjölga og auka fjölbreytni starfa á viðkomandi svæðum m.a. að skapa starfsaðstöðu fyrir stofnanir og auka nýsköpun með því að styðja við frumkvöðla og gera þeim kleift að vinna í umhverfi þar sem er aðgengi að sérfræðiþekkingu starfsmanna Atvest.

Þróunarsetur eru staðsett á Ísafirði, Patreksfirði og Hólmavík. Atvest vann á árinu 2016 kostnaðargreiningu vegna stækkunar og frekari útfærslu húsnæðisins á þessum stöðum auk þess að skoða og meta húsnæði á þessum stöðum út frá hentugleika.

Ekki hefur orðið af áformum um breytingu á húsnæði á Patreksfirði þar sem seinkun hefur orðið á flutningi skrifstofum Vesturbyggðar úr húsnæðinu. Með stofnun Vestfjarðastofu hefur verið ákveðið að flytja núverandi starfsemi Fjórðungssambands og Atvinnuþróunarfélags á Ísafirði í sameiginlegt rými og þar verður gert ráð fyrir aðstöðu fyrir frumkvöðla.

Verkefnið Jarðvarmi á Vestfjörðum.

Verkefnið lýtur að jarðvarma Vestfjarða og hvernig megi bæta hagnýtingu hans.

Fyrsti áfangi var unnin á árinu 2016 þar sem áherslan var á að afla gagna og stofna samráðshóp um betri nýtingu jarðhita á Reykhólum. Íslenskar orkurannsóknir gerðu álagspróf á jarðhitasvæðinu og mátu heildarafköst þess. Í ljós kom að núverandi upptaka er rétt yfir helmingi þeirrar orku sem mest er hægt að taka upp. Orkubú Vestfjarða og Þörungaverksmiðjan sóttu þá um leyfi til frekari nýtingar, samtals allt að 60 l/sek. Þess er vænst að nýir notendur geti fengið hluta af þessum jarðvarma til að koma á fót nýrri atvinnustarfsemi, t.d. böðum við sjávarsíðuna. Hins vegar er æskilegt að endurhanna heildarkerfið, taka við

kastvarmanum og nýta hann áfram, sem og að lækka hitann í framrás hitaveitunnar. Slík endurhönnun er nú til umræðu.

Unnið hefur verið með sveitarstjórn Strandabyggðar við að undirbúa hitaveitu á Hólmavík. Á árinu 2016 var haldinn kynningarfundur með íbúum og tekin voru saman gögn um jarðhitaleit við Steingrímsfjörð. Í ljós kom að fýsilegur kostur er í Hveravík, norðan Steingrímsfjarðar og sett var af stað vinna verkfræðinga við frumhönnun og kostnaðarmat á hitaveitu á Hólmavík. Frá Orkustofnun fengust jafnframt áætlanir um það hvers konar meðgjöf mætti reikna með frá ríkissjóði ef hitaveita væri lögð og reglur héldust óbreyttar. Á næstu mánuðum verður borhola í Hveravík prófuð með tilliti til álags og stöðuleika en það er forsenda þess að af framkvæmdum geti orðið. Á árinu 2018 verður jafnframt gengið í það að semja við alla landeigendur og setja niður nákvæmari framkvæmdáætlun, ef allar forsendur standast prófun. Viðræður eru í gangi við sérfræðinga í sjávarlögnum.

Unnið var með öflun gagna um jarðhita í Reykjanesi við Djúp. Ræddir hafa verið möguleikar til að sækja vatn í Reykjanes við Djúp til handa hitaveitu á Ísafirði. Í fyrstu er verið að kanna réttindi og leyfisveitingar með aðstoð Orkustofnunar.

Verkefnið styður markmið sóknaráætlunar með fjölgun starfa hjá fyrirtækjum sem hafa hag af bættri nýtingu jarðvarma á Vestfjörðum. Til lengri tíma litið mun bætt nýting jarðvarma draga úr orkukostnaði fyrirtækja og heimila, þ.e. draga úr notkun dýrrar og ótryggrar umframraforku til upphitunar.

Verkefnið Straumar

Verkefnið gengur út á að skapa ungu menntuðu listafólki tækifæri til að taka þátt í menningar- og listalífi svæðisins sem það á rætur í. Þannig getur það eftt tengslanet sitt í heimbyggð og jafnframt fæst sérþekking inn á svæðið með verkefnum og hugmyndum. Ungt fólk í námi eða menntað í menningu og listum fær tækifæri í verkefninu til að koma í heimabyggð og vinna þar að metnaðarfullum menningarverkefnum á eigin forsendum.

Verkefnið var upphaflega á áætlun fyrir árið 2016, en frestaðist til ársins 2017 vegna mannaskipta í starfi menningarfulltrúa. Staðan á verkefninu er sú að auglýst var eftir þátttakendum í verkefnið haustið 2017 og valinn 7 manna hópur sem mun standa að röð listrænna verkefna sumarið 2018 á Vestfjörðum. Hugmyndir eru jafnvel uppi um að kalla megi afurðina litla listahátíð. Það sem af er hefur gengið mjög vel og er margvíslegt samstarf að komast á milli þátttakenda. Verkefninu lýkur sumarið 2018, en ef vel tekst til er full ástæða til að kanna möguleika á áframhaldi verkefnisins, því sífellt fer fleira ungt fólk í listnám og því endurnýjast ástæðan til að bjóða því að koma aftur heim og fremja list sína. Það má ekki gleyma því að almenningur velur sér búsetu m.a. út frá því hversu blómlegt menningarlíf er í boði, svo út frá byggðasjónarmiði er verkefnið afar mikilvægt.

Eldri verkefni sem var lokið á árinu

Verkefnið Kortlagning menningar.

Með verkefninu er ætlað að öðlast yfirsýn yfir menningarmál í landsfjórðungnum og nýta gögn m.a. í mótun menningarstefnu fyrir Vestfirði. Í þessari vinnu er menningarlífinu er deilt upp í nokkra flokka; mannauð, söfn, kóra, leiklistarstarfsemi, almenningsbóka- og skjalasöfn, gestavinnustofur, hönnunarhús og listagallerí, listaskóla, menningarstofnanir, hátíðir, handverkshópar og -hús, handverksfólk, önnur menningarfélög, húsnæði, vinnustofur, útilistaverk, hönnuðir og svæðisbundnir fjölmiðlar.

Verkefnið er enn í vinnslu og raunar enn í mótun. Ætla má að um 85% menningarstarfsemi á Vestfjörðum hafi verið skráð, en sú tala er þó eingöngu mat menningarfulltrúa og annarra aðstandenda, en er ekki byggð á rannsóknum. Ætlunin er að verkefninu ljúki á árinu 2018.

Afurð verkefnisins er gagnagrunnur sem nýtist til mótunar menningarstefnu og til ýmissa rannsókna á sviði menningarmála og menningartengdrar ferðaþjónustu. Það er ljóst að afurðin, gagnagrunnur um menningarmál á Vestfjörðum, er síbreytileg svo nauðsynlegt er að fara að huga að því hvernig hægt er að viðhalda gögnum í grunninum, því hann mun úreldast mjög fljótt.

Virgjun rannsóknarumhverfis á Vestfjörðum

Skipulagt var tveggja daga rannsóknarþing á Patreksfirði á síðasta hausti en ekki náðist nægjanleg þátttaka og því upplegg endurskoðað og haldinn eins dags fundur á Ísafirði í byrjun desember. Niðurstaða fundarins var að mikilvægt væri að stofna til slíks vettvangs og vilja lýst til samstarfs en beðið yrði með að setja fastmótaðar áherslur, að teknu tilliti til ólíkrar starfsemi stofnana og rannsóknarmanna án tengsla við stofnanir. Einróma stuðningur var við að Háskólasetur Vestfjarða myndi leiða verkefnið áfram.

Háskólasetrið hefur sett fram markmið um næstu skref um stofnun slíks vettvangs.

Ný verkefni á árinu 2017

Efling háskólastarfs og fjölgun íbúa með framhaldsmenntun

Markmið verkefnisins er tvíþætt. Annars vegar að stuðla að fjölgun fólks með háskólamenntun á Vestfjörðum og mæta þannig lægra hlutfalli menntaðs fólks í landshlutanum. Hinsvegar að efla rannsóknir fyrir fyrirtæki á Vestfjörðum og auka þar með samkeppnishæfni þeirra.

Unnin var greinargerð um stofnun vísinda- og rannsóknarsjóð Vestfjarða í nóvember. Unnin verður þarfagreining á meðal fyrirtækja á Vestfjörðum, háskóla og háskólastofnana. Vegna breytinga á starfsmannhaldi samstarfsaðila verkefnisins var framkvæmd þessa seinkað fram í byrjun árs 2018.

Valdefling ungs fólks á Vestfjörðum

Markmið verkefnisins er að efla þátttöku ungs fólks í umræðu og vinnu að verkefnum í samfélögum. Sveitarfélögin á Vestfjörðum eru styrkt til að halda námskeið á hinum þrem þjónustusvæðum á Vestfjörðum og einnig verður sett framlag til eflingar ungmennaráða. Haldið var eitt námskeið í nóvember en önnur verða haldin í byrjun árs 2018. Starfsemi ungmennaráða var hafin eða var komin í undirbúning í þrem sveitarfélögum áður en verkefnið hófst. Unnið verður í byrjun árs 2018 að því að kynna starfsemi ungmennaráða og grundvöll fyrir stofnun ungmennaráða í öðrum sveitarfélögum og hvernig þeim er viðhaldið.

Kynning búsetukosta og atvinnulífs á Vestfjörðum

Markmiðið var að vekja athygli á málefnum Vestfjarða, innviðum og atvinnutækifærum til að efla svæðið sem búsetukost. Þrýsta á aukinn stuðning ríkisvaldsins við innviði Vestfirðinga.

Að beiðni sveitarfélaga norðanverðum Vestfjörðum létu Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga, KPMG vinna greinargerð um áhrif laxeldis við Ísafjarðardjúp á efnahag og íbúapróun svæðisins. Boðað var til borgarafundar 24. september á Ísafirði. Á

hann mættu um 600 manns auk þess sem 6-700 manns fylgdust með útsendingu hans. Á fundinum var efni greinargerðar KPMG kynnt og viðhorf íbúa til atvinnumála, orkumála og samgöngumála á Vestfjörðum. og sveitarfélög á Vestfjörðum. Efni fundarins var síðan rætt í pallborði með sveitarfélögum á Vestfjörðum, ráðherrum í starfsstjórn og flokkum sem voru að vinna að framboði til Alþingis. Fundurinn samþykkti ályktun sem fylgt hefur verið eftir gangvart nýrri ríkisstjórn auk kynningar á greinargerð KPMG. Fundurinn vakti verulega athygli í fjölmiðlum samkvæmt mælingum á umfjöllun um Fjórðungssamband Vestfirðinga. Í byrjun árs 2018 verður efni fundarins kynnt fyrir ráðuneytum, stofnunum og þingflokkum á Alþingi.

Markmið verkefnisins var einnig að vinna að stofnun skrifstofu Vestfjarðastofu í Reykjavík. Vegna breytinga á áherslum við afgreiðslu fjárlaga 2018 þá fékk verkefnið ekki stuðning eins og vænst var og verður því frestað um sinn.

Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðafræðum

Markmið verkefnisins er að efla framhaldsnám á háskólastigi með nýrri námsleið Sjávarbyggðafræði við Háskólasetur Vestfjarða. Námsleiðin er að öllu leyti hugsuð hliðstæð núverandi námsleið í Strandsvæðastjórnun, til að nýta samlegð. Verkefnið er því að endurtaka fyrri árangur og styrkja það sem fyrir er.

Miðað er við að námið hefjist haustið 2018. Námsleiðin var auglýst erlendis í desember. Hún verður kynnt innanlands og unnið að öðrum undirbúningi fyrri hluta ársins 2018.

Verkefnið stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum (eftir gegnumslátt)

Endurskoðuð greinargerð og drög að tillögu um svæðisskipulag fyrir Vestfirði unnin og lögð fyrir fund sveitarfélaga á Vestfjörðum í apríl 2017. Í framhaldi var sent erindi á sveitarfélögin um stofnun skipulagsnefndar. Fjögur sveitarfélög samþykktu aðild að nefndinni. Þar sem beðið var svara allra sveitarfélaga var nefndin ekki kölluð saman á árinu, en eftir á að byrja undirbúning málsins m.a. gera umsókn til Skipulagssjóðs. Sveitarfélögin hafa hinsvegar flest öll ákveðið að hefja endurskoðun aðalskipulags og nýtist sú vinna við undirbúning svæðisskipulags.

Íbúakönnun á Vestfjörðum

Markmið verkefnisins er að byggja upp þekkingu á viðhorfum íbúa á Vestfjörðum til samfélags og atvinnulífs og þróun þess. Samið var við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi um að samnýta spurningalista sem nýttur hefur verið á undanförunum árum til að meta viðhorf íbúa á Vesturlandi. Könnunin var framkvæmd í október og nóvember og fyrstu niðurstöður hafa verið birtar en endanleg greinargerð verður á fyrrihluta árs 2018. Áhugavert verður að skoða könnunina í samhengi við sambærilegar kannanir sem gerðar voru á árinu 2017 á Suðurlandi, Reykjanesi, Vesturlandi og Norðurlandi vestra.

Viðaukasamningur við Sóknaráætlun Vestfjarða.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og Fjórðungssamband Vestfirðinga, undirrituðu viðaukasamning þann 24. október 2017 við samning um Sóknaráætlun Vesturfjarða 2015-2019. Markmið viðaukasamnings er að styrkja Sóknaráætlun Vestfjarða með sérstöku framlagi til stuðnings, við uppbyggingu í samgöngu-, mennta-, heilbrigðis- og veitumálum í tengslum við sérstakar áherslur landshlutans. Er hér vísað til aðgerða sem koma fram í skýrslu nefndar forsætisráherra frá í september 2016, Aðgerðaáætlun á sviði samfélags- og atvinnuþróunar fyrir Vestfirði.

Heildarfjárhæð samningsins er 63,3 mkr, sem skiptist á eftirfarandi verkefni auk 300.000 kr. vegna umsjónar með verkefninu.

i) [Flateyjarbryggja, 35 mkr.](#)

Samkomulag hefur verið gert við Reykhólahrepp um að hafa umsjón með verkefninu á grunni verkefnalýsingar sveitarfélagsins og Vegagerðar.

ii) [Aukin tíðni flugs til Bíldudals, 8 mkr](#)

Samkomulag er við Vegagerðina um að hafa umsjón með samningum við flugrekanda, Flugfélagið Erni. Miðað er við að flug hefjist í byrjun árs 2018 og verði næstu 6 mánuði til reynslu.

iii) [Fjarþjónusta í heilbrigðismálum, 8 mkr.](#)

Samkomulag er við Vesturbbyggð um að gerast tilraunarsveitarfélag um verkefnið og leitað hefur verið til félagsins Karaconnect í þeim efnum. Einnig verður leitað samstarfs við Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisstofnun Vesturlands um framkvæmd.

iv) [Sjávarbyggðafræði, 5 mkr](#)

Samkomulag er við Háskólasetur Vestfjarða um framkvæmd verkefnisins á grunni ákvörðunar stjórnar Háskólaseturs Vestfjarða um að hefja kennslu í sjávarbyggðafræðum haustið 2018, á grunni úttektar og fullgildingar náms frá Háskólanum á Akureyri. Í lok árs 2017 var undirbúin auglýsing á stöðu fagsstjóra m.v. ráðningu hans á fyrri hluta 2018, einnig hófst auglýsing námsleiðar erlendis en kynning innanlands hefst eftir áramót.

v) [Uppbygging hitaveitu á Hólmavík, 4 mkr.](#)

Samkomulag er við Strandabyggð um verkefnið „Undirbúningur hitaveitulagningar á Hólmavík og nágrenni“. Viðaukafjármagn verður nýtt til að fjármagna þá hluta verkefnisins er varða frumhönnun og kostnaðarmat á hitaveitu, kortlagning sjávarbotns í Steingrímsfirði og lögfræðiráðgjöf vegna samninga um nýtingu jarðhita. Verkefnisstjórn verður í umsjón Vestfjarðastofu ses, á grunni undirbúningsvinnu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

vi) [Rannsókn á Álftafjarðargöngum, 3 mkr.](#)

Samið verður við Vegagerðina um að hefja rannsóknir á Álftafjarðargöngum. Samkomulag er við Vegagerðina að nýta fjármagnið sem hluta af rannsóknarverkefni um gerð Álftafjarðargangna. Verkefnið verður unnið í samstarfi við sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum.

5. Uppbyggingarsjóður

Stjórn FV samþykkti á fundi 23. nóvember 2016 ramma styrkúthlutunar, starfshætti og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2017. Sú úthlutun var með umsóknarfresti til 9. janúar 2017. 65 mkr voru til ráðstöfunar úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða og var úthlutunarnefnd falið að skipta þeim þannig:

1. 25 milljónir gengju til stærra nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefna þar sem styrkir væru hærri en 1200 þús kr.
2. 20 milljónir gengju til stofn- og rekstrarstyrkja menningarstofnana eða stærra menningarverkefna þar sem styrkir væru hærri en ein milljón.

3. 20 milljónir til minni styrkveitinga ýmist á sviði nýsköpunar, atvinnuþróunar eða menningarmála þar sem einstakir verkefnastyrkir eru 1200 þús kr eða lægri.

Úthlutunarnefnd

Úthlutunarnefnd var þannig skipuð fimm konum og fjórum körlum, en í hópi varamanna voru fimm karlar og fjórar konur. Ekki var skipað fagrað þar sem nefndin er þetta fjölmenn. Á Vestfjörðum þarf einnig að taka mið af landfræðilegri legu og gæta þess að umsóknir deilist nokkuð jafnt milli hluta svæðisins, enda uppfylli þær gæðakröfur. Fjórir aðalmenn eru kjörnir fulltúar en þrír úr hópi varamanna.

Þeir sem sátu í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs 2017 voru:

Aðalmenn:

Arna Lára Jónsdóttir - norðanverðum Vestfjörðum
Ásgerður Þorleifsdóttir - norðanverðum Vestfjörðum
Baldur Smári Einarsson - norðanverðum Vestfjörðum
Anna Vilborg Rúnarsdóttir - sunnanverðum Vestfjörðum
Sigurður Viggósson - sunnanverðum Vestfjörðum
Eva Dögg Jóhannesdóttir - sunnanverðum Vestfjörðum
Viðar Guðmundsson – Ströndum
Finnbogi Sveinbjörnsson - norðanverðum Vestfjörðum
Finnur Ólafsson - Ströndum

Varamenn:

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir - Reykhólahreppi
Smári Karlsson - norðanverðum Vestfjörðum
Martha Kristín Pálmadóttir - norðanverðum Vestfjörðum
Ásta Þórisdóttir - Ströndum
Matthías Ágústsson - sunnanverðum Vestfjörðum
Friðbjörg Matthíasdóttir - sunnanverðum Vestfjörðum
Örn Elías Guðmundsson - norðanverðum Vestfjörðum
Þórir Sveinsson - sunnanverðum Vestfjörðum
Helgi Hjálmtýrsson - norðanverðum Vestfjörðum

Auglýst var eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum með því að prenta fjórblöðung sem var dreift inn á öll heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum. Einnig var umsóknarfrestur kynntur á samfélagsmiðlum, á vef FV og með vefborða á BB.is.

Starf úthlutunarnefnd fór þannig fram: 100 umsóknir bárust. Menningarfulltrúi safnaði umsóknum saman í eitt skjal og sendi til allra fulltrúa í úthlutunarnefnd. Hver fulltrúi gaf hverri umsókn einkunn í 13 liðum. Menningarfulltrúi tók álit allra nefndarmanna saman og var þá komin gróf heildarmynd á afstöðu nefndarmanna.

Haldnir voru tveir símafundir og tveir vinnufundir. Úthlutunarnefnd samþykkti 3. febrúar 53 styrkvilyrði upp á 45,1 mkr, en ákvað að halda afganginum eftir og boða til aukaúthlutunar í maí sama ár vegna þess hve margar umsóknir voru illa unnar. Niðurstaða nefndarinnar var lögð fram til kynningar á fundi stjórnar FV þann 21. mars 2016. Stjórn samþykkti á sama fundi reglur um samningsgerð og eyðublöð þar um.

Aukaúthlutunin var auglýst á sama hátt með umsóknarfresti til 7. maí 2017.

52 umsóknir bárust og samþykkti úthlutunarnefnd eftir tvo símafundi og einn vinnufund þ. 19 maí að veita 11 verkefnum styrkvilyrði upp á alls 13 mkr. Niðurstöður nefndarinnar voru kynntar stjórn FV samdægurs og voru ekki gerðar athugasemdir við úthlutunina. Alls bárust því á árinu 152 umsóknir og 64 hlutu styrkvilyrði.

Fyrirmyndarverkefni

Af fyrirmyndarverkefnum má nefna Galdrasýningu á Ströndum, Listasafn Samúels og Blús milli fjalls og fjöru.

Galdrasýning á Ströndum

Galdrasýningu á Ströndum var komið upp um aldamótin og hefur hún verið í stöðugri uppbyggingu og þróun síðan. Árlega dregur sýningin að sér þúsundir ferðamanna. Í tengslum við sýninguna er rekið lítið en afar vel heppnað veitingahús. Ekki er of djúpt í árina tekið að segja að Galdrasýning á Ströndum hafi haldið Hólmavík á kortinu um árabil. Sýningin hefur jafnan hlotið stofn- og rekstrarstyrk úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða, enda hafa aðstandendur ávallt skilað umbeðnum gögnum á réttum tíma, umsóknir og skýrslur vel upp settar og skýrar.

Listasafn Samúels

Listasafn Samúels miðar að endurgerð verka Samúels Jónssonar í Selárdal. Verkinu miðar vel og er mikið starf unnið í sjálfboðavinnu. Listasafnið hefur vakið talsverða athygli enda óvanaleg og barnsleg einlægni listamannsins sem hrifur gesti á sérstakan hátt. Árið 2017 var gerður þriggja ára samningur um stuðning við verkefnið, þar sem verkefnið er í eðli sínu langtímaverkefni. Í umsókn skín í gegn einlægur áhugi á verkefninu og stendur öflugur hópur áhugamanna að baki uppbyggingu safnsins.

Blús milli fjalls og fjöru

Blús milli fjalls og fjöru er hátíð á Patreksfirði, haldin í lok sumars, þar sem blústónlistinni eru gerð góð skil. Fjöldi tónlistarmanna og blúsunnenda hafa komið til Patró til að leika og njóta þau skipti sem hátíðin hefur verið haldin. Hátíðin hefur fest sig býsna vel í sessi og er búið að sníða af agnúa og vankanta sem einkenna hátíðir af þessu tagi í upphafi. Hátíðin hefur hlotið árlegan styrk úr Uppbyggingarsjóði um hríð. Að baki hátíðarinnar stendur lítill hópur, en í raun má segja að hún sé drifin áfram af einum manni sem hefur mikið dálæti á blústónlist.

Félag um lýðháskóla á Flateyri

Félag um lýðháskóla á Flateyri er stórhuga atvinnu- og menntaþróunarverkefni sem miðar að því að koma lýðháskóla á laggirnar á Flateyri. Verkefnið er mjög stórt í sniðum og gæti haft verulega þýðingu fyrir samfélagið í Önundarfirði og sennilega um alla norðanverða Vestfirði. Ráðinn hefur verið framkvæmdastjóri til verkefnisins og vinnan byrjuð að fullu.

Gúmmísökka

Gúmmísökka er gott dæmi um vel heppnað einstaklingsverkefni í atvinnu- og vöruþróun. Sökkur eru notaðar við handfæraveiðar til að sökkva önglinum til botns. Þær hafa jafnan verið út blýi og því skapað hávaðamengun og óþægindi fyrir starfsfólk og hugsanlega fælt frá fiskana, sem vissulega hafa heyrn og heyra þeir háa hvelli er sakkann slæst utan í bátinn eða harðan sjávarbotn. Því voru þróaðar gúmmihúðaðar sökkur úr galvaníseruðu járni, sem gera sama gagn, en eru hljóðlátari, hlífa bátunum og eru þægilegri í umgengni. Verkefnið fékk styrk úr Uppbyggingarsjóði og er því lokið og telst hafa heppnast mjög vel. Fyrir dyrum stendur að leita leiða til að lækka framleiðslukostnað. Hann er enn nokkru hærrí en útsöluverð hinna hefðbundnu blýsökka.

TAFLA 5: UPPLÝSINGAR UM UMSÓKNIR / STYRKI 2017

Umsóknir	
Fjöldi umsókna	157
Heildarfjárhæð sem sótt var um	278.459.409 kr.
Veittir styrkir	
Fjöldi styrkja	69
Árangurshlutfall umsókna	0,44
Heildarupphæð styrkja	70.700.000 kr.
Fjöldi styrkja undir 500 þús.	8.300.000
Fjöldi styrkja milli 500 þús til 2,5 m.kr.	37.900.000
Fjöldi styrkja hærrí en 2,5 m.kr.	24.500.000
Áætlaður fjöldi ársverka	66

Stofn- og rekstrarstyrkir:

4.000.000 kr.

Rekstur Edinborgarhússins ehf

3.500.000 kr

Galdrasýning á Ströndum

3.000.000

Skrímflasetrið Bíldudal

2.500.000 kr

Melrakkasetur Íslands

2.400.000 kr

Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum

2.000.000 kr

Sauðfjársetur á Ströndum

1.500.000 kr

Kómedíuleikhúsið

Verkefnisstyrkir:

5.000.000 kr.

Sjávarútvegsklassi á Vestfjörðum

3.500.000 kr.

Félag um lýðháskóla á Flateyri (Runólfur Ágústsson/Óttar Guðjónsson)

3.000.000 kr.

Strandbúnaðarklassi (Smári Haraldsson, f.h. tilvonandi hlutafélags)

2.000.000 kr.

Hrognkelsi – Lífræna lúsaætan (Lúsinfer) (Akvaplan-niva, útibú á Íslandi)

1.500.000 kr

Vöruþróun og aðlögun vöruframboðs fyrir nýja markaði (Hafkalk ehf)

Act alone

Aldrei fór ég suður

Undirbúningur þörungaseturs Reykhólum (Þörungaverksmiðjan Reykhólum)

1.200.000 kr

Ég var aldrei barn, sýning um Karítas Skarphéðinsdóttur (Byggðasafn Vestfjarða)
Náttúrubarnaskóli - tilraunir og uppbygging (Sauðfjarsetur á Ströndum)
Menningarmiðstöðin Edinborg
Listasafn Samúels
Skóbúðin – hversdagssafnið (Björg Sveinbjörnsdóttir)
Snjóflóða og fræðasýning á Ísafirði (Kristín Halfdánsdóttir)
Saga Flóka Vilgerðarsonar á Íslandi (Frændgarður ehf)
Steinshús og Snjáfjallasetur - menningarferðaþjónusta norðan Djúps
Melódíur minninganna á Bíldudal (Jón Kr. Ólafsson)
Rekjanleiki lambakjöts frá beitilandi til neytenda (Náttúrustofa Vestfjarða)
The Tank (Yasuaki Tanago og Simbahöllin)

1.100.000 kr.

Skjaldborg, hátíð íslenskra heimildamynda

1.000.000 kr.

Vörupróun og markaðssetning fyrir næringarefni og húðvörur úr þara og þangi (Gullsteinn ehf)

800.000 kr.

Frönsku fiskimennirnir og gamli tíminn - sýning, rannsóknir og heimildaöflun (Látraröst ehf)

700.000 kr.

Sögur úr sjávarbyggð: Rafræn leiðsögn um Flateyri og Önundarfjörð (Hús og fólk, Flateyri)
Vestfirski vorið (Perlur fjarðarins ehf)
Þróun og markaðssetning á Litlabyli Adventures (Litlabyli Guesthouse ehf)

600.000 kr.

Greining á þörf fiskeldisfyrirtækja fyrir rannsóknþjónustu (Náttúrustofa Vestfjarða)
Síðasta haustið - heimildamynd (Síðasta haustið ehf)
Uppbyggingarstarf ungmenna í Vesturbyggð (Rut Einarsdóttir)

500.000 kr.

Landsmót harmonikuunnenda á Ísafirði 2017 (Harmonikufélag Vestfjarða)
Landsmót Kvinnakóra 2017 (Kvinnakór Ísafjarðar)
Gísla saga - Víkingaskáli og upplifunarsetur (Marsibil G Kristjánsdóttir)
ArtsIceland og Gallerí Úthverfa (kol&salt ehf)
Skrímli í 3-D (Félag áhugamanna um skrímslasetur)
Gúmmísökka (Steinþór Bragason)
Sýningin Raddir, Harmónikusafn Ásgeirs S Sigurðssonar (Byggðasafn Vestfjarða)
Gimli: Þjóðmenningarskóli Ströndum norður (Elín Agla Briem)

400.000 kr.

Tónleikaröð Tónlistarfélags Ísafjarðar
Sumarskóli í vistvænum arkitektúr (Stofnun Rögnvaldar Á Ólafssonar)
Gamanmyndahátíð Flateyrar 2017 (Kvikmyndafélagið Gláma)
Blús milli fjalls og fjöru (Sigurjón Páll Hauksson)
Þegar vatnið fraus - sérsýning um heita vatnið á Drangnesi (Aðalbjörg Óskarsdóttir)
Tengsl Íslands og Grænlands á fyrri hluta 20. Aldar (Safnahúsið Ísafirði)
Sumardagskrá Minjasafnsins að Hnjóti
Hjartanshjallur (Hallar Ólafsdóttir)
LÚR Listahátíð ungs fólks (Menningarmiðstöðin Edinborg)

Víkingahátíð og viðburðir (Marsibil G Kristjánsdóttir)
Þuríðarskart og seiðkonukrydd (Þuríður sundafyllir ehf)

300.000 kr.

List á Vestfjörðum, kynningarrit Félags vestfirskra listamanna
Tónlist með bátavélum (Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf)
Sætt & Salt súkkulaði (Elsa G Borgarsdóttir)
Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar Þingeyri
Hornstrandir - myndir og minningar (Johanne Verbockhaven)
Arnbjörn - Kvikmyndahandrit í fullri lengd (Eypór Jóvinsson)
Vestfirská Þjóðfræðivefjan (Rannsóknasetur HÍ á Ströndum - Þjóðfræðistofa)
Samtal - fólk og fræði (Fjölmóður - fróðskaparfélag á Ströndum)

200.000 kr

Yfirfærsla gamalla hljóðrita vestfirskra tónlistarmanna á stafrænt form (Tónlistarskóli Ísafj.)
Allt annað en drasl - POP-UP endurvinnslustöð (Hanna Jónsdóttir)
Morð fyrir tvo (Kómedíuleikhúsið)
Dýrin í Hálsaskógi (Höfrungur leikdeild)
Þjóðleikur á Vestfjörðum 2017 - leiklistarverkefni ungs fólks

TAFLA 6: KYN UMSÆKJENDA / STYRKÞEGA

Umsóknir	Karlar	Konur	Samtals
Fjöldi umsókna	65	92	157
Fjöldi umsókna (%)	41%	59%	
Meðalupphæð umsókna	1.000.971	933.007	
Veittir styrkir			
Fjöldi umsókna	30	39	69
Fjöldi styrkja (%)	43%	57%	
Meðalupphæð styrkja	1.336.667	728.205	

TAFLA 7: KYNGREIND ÁHRIF STARFA SEM ÆTLAÐ ER AÐ SKAPIST Á VERKEFNATÍMA

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	4	14	84	35	20	157
Fjöldi umsókna (%)	2,55%	8,92%	53,50%	22,29%	12,74%	100,00%
Meðalfjárhæð umsókna	862.500 ISK	1.746.286 ISK	1.732.513 ISK	2.578.986 ISK	824.915 ISK	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	0	9	38	18	4	69
Fjöldi styrkja (%)	0,00%	13,04%	55,07%	26,09%	5,80%	100,00%
Meðalfjárhæð styrkja	0	1.188.889 ISK	965.789 ISK	1.172.222 ISK	550.000 ISK	

TAFLA 8: ATVINNUGREINAFLOKKUN UMSÓKNA OG STYRKJA

Atvinnugreinaflokkun	Fjöldi	Meðalfjárhæð
Umsóknir		
03 Fiskveiðar og fiskeldi	6	1.937.167 kr.
10 Matvælaframleiðsla	8	1.877.090 kr.
13 Framleiðsla á textílvörum	4	1.712.000 kr.
22 Framleiðsla á gúmmí- og plastvörum	1	740.000 kr.
26 Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optísku	1	10.000.000 kr.
32 Framleiðsla, ót.a.s.	2	1.105.000 kr.
38 Sorphirða, meðhöndlun og förgun sorps;	1	5.000.000 kr.
47 Smásöluverslun, að undanskildum vélkn	1	1.000.000 kr.
55 Rekstur gististaða	3	2.000.000 kr.
56 Veitingasala og -þjónusta	8	1.890.563 kr.
58 Útgáfustarfsemi	7	1.350.000 kr.
59 Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndu	3	831.940 kr.
62 Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatæk	2	1.350.000 kr.
71 Starfsemi arkitekta og verkfræðinga; tæl	2	1.025.000 kr.
72 Vísindarannsóknir og þróunarstarf	5	852.450 kr.
74 Önnur sérfræðileg, vísindaleg og tæknile	3	2.383.333 kr.
79 Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur c	3	2.650.983 kr.
81 Fasteignarumsýsla, hreingerningarþjónu	5	809.000 kr.
85 Fræðslustarfsemi	5	1.731.000 kr.
90 Skapandi listir og afþreying	39	1.168.463 kr.
91 Starfsemi safna og önnur menningarstarf	45	2.280.868 kr.
93 Íþróttá- og tómstundastarfsemi	1	500.000 kr.
94 Starfsemi félagasamtaka	1	600.000 kr.
96 Önnur þjónustustarfsemi	1	577.200 kr.
Samtals	157	
Veittir styrkir		
03 Fiskveiðar og fiskeldi	3	3.333.333 kr.
10 Matvælaframleiðsla	2	900.000 kr.
22 Framleiðsla á gúmmí- og plastvörum	1	500.000 kr.
32 Framleiðsla, ót.a.s.	2	700.000 kr.
58 Útgáfustarfsemi	1	300.000 kr.
62 Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatæk	1	700.000 kr.
72 Vísindarannsóknir og þróunarstarf	3	800.000 kr.
74 Önnur sérfræðileg, vísindaleg og tæknile	1	1.200.000 kr.
79 Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur c	1	700.000 kr.
81 Fasteignarumsýsla, hreingerningarþjónu	1	300.000 kr.
85 Fræðslustarfsemi	3	1.566.667 kr.
90 Skapandi listir og afþreying	21	590.476 kr.
91 Starfsemi safna og önnur menningarstarf	28	1.203.571 kr.
94 Starfsemi félagasamtaka	1	600.000 kr.
Samtals	69	

6. Lokaorð

Ekki leikur vafi á því að aukið samstarf og samtal milli landshluta er til bóta. Það stuðlar að því að minnka hina síbreikkandi gjá milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Allar aðferðir og öll þau skref sem stuðla að slíkri samvinnu eru af hinu góða. Ef til vill mætti koma á einhvers konar reynslumiðlunarþingi milli landshluta þar sem fulltrúar þeirra skiptast á reynslusögum um það sem vel hefur gengið og gæti nýst öðrum landshlutum.

Það er augljóslega til hagsbóta fyrir þá sem sækja um styrki að viðmót og ferlar séu sem mest samræmdir. Það er ánægjulegt að það sé verið að vinna að því að gera umsóknarferli rafræn, einföld og straumlínulöguð fyrir umsækjendur sem og úrvinnsluaðila.

Nú sér fyrir endann á því fimm ára tímabili sem Sóknaráætlun tekur til. Það er afar áriðandi að teknar verði skýrar ákvarðanir um framhaldið, því sem betur fer eru Íslendingar smám saman að læra að hugsa og skipuleggja sig lengra fram í tímann. Þar mega stjórnvöld ekki verða til hindrunar.

7. Undirritun og staðfesting

Hér með er þessi greinargerð lögð fram og staðfest að allar upplýsingar eru gefnar af bestu vitund um nákvæmni, áreiðanleika og réttmæti.

Ísafirði og Hólmavík, 9. febrúar 2018

Sign
Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

Sign
Skúli Gautason, menningarfulltrúi

Sign
Lína Björg Tryggvadóttir, verkefnisstjóri

8. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum

Tafla 1. Heildarupphæð samnings

Framlög ríkisins: Heildarframlög ríkisins til samningsins (grunnframlög frá ANR og MMR).

Viðaukasamningar: Framlög sem koma sem viðaukar við samninginn, ef við á.

Framlög sveitarfélaga: Heildarframlög sveitarfélaga til samningsins.

Önnur framlög: Önnur framlög til samningsins, ef við á.

Flutt frá fyrra ári: Fjármunir sem ekki var ráðstafað árið 2016 (þ.m.t. styrkir sem féllu niður) og flutt yfir á árið 2017, ef við á.

Vaxtatekjur: Vaxtatekjur fjármuna samningsins árið 2017 (sbr. ákvæði samningsins).

Heildarupphæð: Samtala ofangreindra upplýsinga. Þessi tala á að vera sú sama og samtalan í töflu 2.

Tafla 2. Ráðstöfun fjárframlaga 2017

Áhersluverkefni: Heildarupphæð sem ráðstafað var til áhersluverkefna.

Uppbyggingarsjóður: Heildarupphæð sem ráðstafað var til uppbyggingarsjóðs.

Stofn- og rekstrarstyrkir: Heildarupphæð sem ráðstafað var til stofn- og rekstrarverkefna, ef við á.

Viðaukasamningar: Heildarupphæð viðaukasamninga, ef við á.

Umsýsla: Heildarupphæð sem ráðstafað var í umsýslu með samningnum.

Óráðstafað 2017: Heildarupphæð sem ekki var ráðstafað árið 2017, ef við á. Stefnt skal að því að ráðstafa öllu framlagi hvers ár innan ársins.

Samtalan í töflu 2 á að vera sama samtalan í töflu 1.

Tafla 3. Samráðsvettvangur

Bakgrunnur fulltrúa: Fjöldi fulltrúa úr hverjum "geira". Hver einstaklingur aðeins talinn einu sinni. „Kjörnir fulltrúar“ eru þeir sem eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum.

Búseta fulltrúa: Fylla skal út í línurnar með heitum allra sveitarfélaga í landshlutanum og fjölda fulltrúa frá hverju þeirra, hvort sem sveitarfélagið á fulltrúa í samráðsvettvangnum eður ei.

Aldur fulltrúa: Fjöldi fulltrúa sem er yngri en 25 ára, fjöldi sem eru á bilinu 25-39 ára, fjöldi sem eru á bilinu 40-60 ára og fjöldi sem eru eldri en 60 ára.

Kyn fulltrúa: Heildarfjöldi karla annars vegar og heildarfjöldi kvenna hins vegar.

Samtölurnar í öllum dálkum töflu 3 eiga að vera þær sömu.

Tafla 4. Áhersluverkefni

Heiti verkefnis: Þarfnast ekki skýringa.

Framlag úr sóknaráætlun: Þarfnast ekki skýringa.

Mótframlag: Heildarmótframlag til verkefnisins á árinu, ef við á. Athugið að hér er eingöngu átt við fjármuni, ekki vinnuframlag.

Framkvæmdaraðili: Þarfnast ekki skýringa.

Markmið: Stutt og hnitmiðað. Ein til þrjár setningar um markmið verkefnis.

Lokaafurð: Hver er (áætluð) lokaafurð (árangur) verkefnis. Ekki meira en ein stutt setning.

Verkefnatími: Hvenær hófst verkefnið og hvenær eru áætluð verklok / hvenær lauk verkefninu.

Tafla 5. Umsóknir / styrkir

Tafla 5 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar um umsóknir og hins vegar er beðið um upplýsingar um styrkúthlutanir.

Fjöldi umsókna: Heildarfjöldi umsókna í uppbyggingarsjóð á árinu.

Heildarupphæð sem sótt var um: Samanlögð upphæð allra umsókna á árinu.

Fjöldi styrkja: Heildarfjöldi styrkja úr uppbyggingarsjóði á árinu.

Árangurshlutfall umsókna: Heildarfjöldi styrkja deilt með heildarfjölda umsókna.

Heildarupphæð styrkja: Heildarupphæð sem úthlutað var úr uppbyggingarsjóði á árinu.

Fjöldi verkefna undir 500 þús.: Þarfnast ekki skýringar.

Fjöldi verkefna milli 500 þús til 2,5 m.kr.: Þarfnast ekki skýringar.

Fjöldi verkefna hærrí en 2,5 m.kr.: Þarfnast ekki skýringar.

Áætlaður fjöldi ársverka: Umsækjandi þarf að láta landshlutasamtökunum þessar upplýsingar í té. Eingöngu er átt við störf sem skapast á verkefnatímanum og greitt er fyrir, hvort heldur sem er með styrknum sjálfum eða með móttframlagi. Eitt ársverk eru 2.080 klukkutímar eða 12 x 173,3 klst (mannmánuður). Ef vinnuframlag í einu verkefni eru tveir mann mánuðir þá er áætlaður fjöldi ársverka 0,17 (þ.e. $173,3 \times 2 = 346,7$ klst. deilt með 2080 = 0,17), ef vinnuframlagið er hálf ár, þá er það hálf ársverk ($2080/2 = 1040$ klst. deilt með 2080 klst. = 0,5).

Tafla 6. Kyn umsækjenda / styrkhafa

Kyn umsækjenda / styrkhafa er flokkað eftir kyni forsvarsmanns umsóknar/verkefnisstjóra. Þetta á einnig við um opinbera aðila.

Tafla 7. Kyngreining starfa sem skapast

Ef umsækjandi áætla að verkefnið hafi í för með sér sköpun starfa á verkefnatímanum þá þarf hann að áætla hvort það séu kynbundin störf eða ekki. Hér er beðið um upplýsingar um hvort verkefni sem að áætlað er að skapi störf á verkefnatímanum séu nær eingöngu karlastörf, fleiri karlastörf en kvennastörf o.s.frv. Hér er ekki beðið um fjölda ársverka.

Hér er átt við upplýsingar úr samningum (ef breyting er frá umsókn).

Athugið að upplýsingar í þessari töflu geta ekki verið annað en matskenndar og huglægar.

Tafla 8. Atvinnugreinaflokkun

Tafla 8 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar tengdum umsóknum og hins vegar er beðið um upplýsingar tengdum styrkúthlutunum

Nota ISAT 2008 flokkunina og greina niður á tvo tölustafi – sjá flettilista í dálki A í excel skjalinu.